

## Viðurlög við brotum á flugverndar og öryggiskröfum Keflavíkurflugvallar

### 1 Inngangur

Á Keflavíkurflugvelli gilda kröfur á sviði flugverndar og öryggismála sem m.a. eru útlistaðar í aðgangs og öryggisreglum. Hlutverk Isavia sem rekstraraðila Keflavíkurflugvallar er að annast útgáfu skilgreindra heimilda og fylgjast með því að kröfum á sviði flugverndar og öryggismála sé fylgt. Með heimildum er t.d. átt við: aðgangsheimildir-, ökuleyfi og fylgdarleyfi fyrir einstaklinga og aðgangsheimildir fyrir ökutæki.

Starfsaðilum á Keflavíkurflugvelli ber að upplýsa starfsmenn sína um mikilvægi þess að virða lög og reglur sem á flugvellingnum gilda. Þá skulu vinnuveitendur tryggja að starfsmenn þeirra sem brotið hafa af sér séu upplýstir um brot og viðurlög, og ef við á tryggja að rekstraraðila flugvallarins berist athugasemdir varðandi umrætt brot og viðurlög.

Við ákvörðun um viðurlög skal tekið mið af tíðni og alvarleika brota, sbr. lið 2 og 3 hér á eftir. Starfsmanni og vinnuveitanda skal gefinn kostur að koma á framfæri athugasemdum eða skýringum sem haft verður til hliðsjónar við endanlega ákvörðun um flokkun brots og viðurlög.

Við ákvörðun viðurlaga vegna er horft til brotasögu vegna minniháttar brota í eitt ár og vegna meiriháttar brota í tvö ár.

Heimilt er að svipta einstakling aðgangsheimild að flugvallarsvæði og haftasvæði, tímabundið eða að fullu, standist viðkomandi ekki bakgrunnsathugun. Einnig er heimilt að svipta einstakling heimild vegna brota á lögum eða reglum þ.m.t. settum reglum Keflavíkurflugvallar, ef telja verður með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans varhugavert að hann noti heimildina. Heimilt er að svipta einstakling heimild til bráðabirgða á meðan málið er til meðferðar.

Að jafnaði verður (sbr. 2. mgr. 47. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998) viðurlögum ekki beitt vegna atviks þegar starfsmaður tilkynnir um það sjálfur, innan 72 tíma, ef ekki leiðrétt hefði geta valdið tjóni eða skaða. Þetta á þó ekki við ef um er að ræða ásetning, stórfellt gáleysi, neyslu vímugjafa, deyfandi eða örvandi lyfja.

Tilkynningar um brot og viðurlög skal send á starfsmann sem brotið varðar og vinnuveitanda.

### 2 Skilgreining brota og viðurlaga

Við flokkun brots getur reynst nauðsynlegt að afla ítarlegri upplýsinga t.d. frá þeim sem áttu hluta að máli eða urðu vitni að broti. Við öll brot skal senda formlega viðvörðun til viðkomandi starfsmanns og vinnuveitanda þar sem fram kemur: tímasetning, staðsetning og lýsing á broti, ásamt upplýsingum um það hvernig brotið var greint. Starfsmanni og vinnuveitanda skal gefinn kostur að koma á framfæri athugasemdum og skýringum sem horft er til við endanlega ákvörðun um flokkun brots og viðurlög. Jafnframt skal óskað eftir upplýsingum um til hvaða ráðstafana viðkomandi vinnuveitandi muni grípa til að koma í veg fyrir að sambærileg brot endurtak sig.

Tíðni brota / alvarleiki	Flokkun brota	Viðurlög
Fyrsta (1) brot, minniháttar frávik frá reglum	<ul style="list-style-type: none"> <li>Brot sem er líklegt að stafi af einföldu gáleysi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Formleg viðvörðun. Ósk um skýringar og ráðstafanir sem gripið verði til.</li> </ul>
Annað (2) brot, minniháttar frávik frá reglum á 1 árs tímabili.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Brot sem ekki eru líkleg til að vera bein eða alvarleg ógn við öryggi eða virkni flugverndar.</li> <li>Dæmi: sjá lið 3.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Formleg viðvörðun. Ósk um skýringar og ráðstafanir sem gripið verði til.</li> <li>Viðkomandi gert að sækja endurmenntunarnámskeið tengt þeim reglum sem brotið er gegn (aðgangs- eða öryggisreglum).</li> </ul>

<u>Priðja (3) brot, minniháttar frávik frá reglum á 1 árs tímabili.</u>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Brot sem líklegt að stafi af ásetningi.</li> <li>• Brot sem ekki eru líkleg til að vera bein eða alvarleg ógn við öryggi eða virkni flugverndar. Fjöldi atvika eykur líkur á alvarlegu atviki.</li> <li>• Dæmi: sjá lið 3.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Formleg viðvörðun. Ósk um skýringar og ráðstafanir sem gripið verði til.</li> <li>• Tímabundin afturköllun viðeigandi heimildar þess sem brotið varðar, 14 daga.</li> <li>• Viðkomandi gert að sækja endurmenntunarnámskeið tengt þeim reglum sem brotið er gegn (aðgangs- eða öryggisreglum).</li> </ul>
<b>Tíðni brota / alvarleiki</b>	<b>Flokkun brota</b>	<b>Viðurlög</b>
<u>Fyrsta (1) brot, meiriháttar frávik frá reglum</u>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Brot sem er líklegt að stafi af vítaverðu gáleysi.</li> <li>• Brot sem eru líkleg til að vera bein eða alvarleg ógn við öryggi eða virkni flugverndar.</li> <li>• Dæmi: sjá lið 3.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Formleg viðvörðun. Ósk um skýringar og ráðstafanir sem gripið verði til.</li> <li>• Tímabundin afturköllun viðeigandi heimildar þess sem brotið varðar, í 14 daga.</li> <li>• Viðkomandi gert að sækja endurmenntunarnámskeið tengt þeim reglum sem brotið er gegn (aðgangs- eða öryggisreglum).</li> </ul>
<u>Annað (2) brot, og/eða meiriháttar frávik frá reglum á 2 ára mánaðar tímabili.</u>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Brot sem líklegt að stafi af ásetningi.</li> <li>• Brot sem eru líkleg til að vera bein eða alvarleg ógn við öryggi eða virkni flugverndar.</li> <li>• Dæmi: sjá lið 3.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Formleg viðvörðun. Ósk um skýringar og ráðstafanir sem gripið verði til.</li> <li>• Tímabundin afturköllun viðeigandi heimildar þess sem brotið varðar í 1 mánuð.</li> <li>• Viðkomandi gert að sækja endurmenntunarnámskeið tengt þeim reglum sem brotið er gegn (aðgangs- eða öryggisreglum).</li> </ul>
<u>Priðja (3) brot, og/eða meiriháttar frávik frá reglum á 2 ára tímabili.</u>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Formleg viðvörðun. Ósk um skýringar og ráðstafanir sem gripið verði til.</li> <li>• Varanleg afturköllun viðeigandi heimildar þess sem brotið varðar.</li> </ul>

### 3 Flokkun brota

Eftirfarandi eru dæmi um flokkun brota eftir eðli þeirra og alvarleika (minniháttar og meiriháttar). Listinn er til viðmiðunar vegna flokkunar brota og er ekki tæmandi.

<b>Flugvernd – Aðgangsreglur – Minniháttar</b> (Brot sem <u>ekki</u> eru líkleg til að hafa bein eða alvarleg áhrif á öryggi og virkni flugverndar) <ul style="list-style-type: none"> <li>- Bráðabirgðaheimild ekki skilað eftir heimsókn.</li> <li>- Einstaklingur með gilda aðgangsheimild útgefna af flugvöllinum en dvelur inná svæði sem hann hefur ekki heimild til (t.d. brúnn aðgangsheimild inni FLE)</li> <li>- Aðgangsheimild ekki sýnileg á haftasvæðum sem ekki eru aðgengileg farþegum.</li> <li>- Gestur brýtur aðgangsreglur án viðbragða fylgdarmanns.</li> <li>- Gestir í fylgd, ekki í augsýn fylgdarmanns</li> <li>- Leyfisbréf ökutækja eða bráðabirgðaleyfi ökutækja ekki sýnileg í framrúðu.</li> </ul>	<b>Öryggi – Öryggisreglur – Minniháttar</b> (Brot sem <u>ekki</u> eru líkleg til að hafa bein eða alvarleg áhrif á öryggi) <ul style="list-style-type: none"> <li>- Blikkviti ekki notaður.</li> <li>- Ljósabúnaður ökutækja ekki notaður</li> <li>- Starfsfólk klæðist ekki öryggisfatnaði á athafnasvæðum</li> <li>- Sími notaður við akstur á þess að nota handfrjálstan búnað.</li> <li>- Notkun skemmtitækja eins og iPod/tónhlöðu eða geislaspilara með heyrnartóli á þó ekki við þegar handfrjálshúnaður er notaður vegna símtala.</li> <li>- Notkun reiðhjóla utan þjónustuvega þ.e.a.s á athafnasvæðum</li> <li>- Aðskotahlutir (FOD) skyldir eftir á hlöðum</li> <li>- Dýr meðferðis inn á flugvallarsvæði</li> <li>- Ökumaður ekki með viðeigandi ökuréttindi innan flugvallar, samkvæmt gagnagrunni</li> </ul>
--	---

<ul style="list-style-type: none"> <li>- Fylgdarmaður hefur með sér fleiri en 5 gesti, nema um sé að ræða flutning gesta í rútu.</li> <li>- Einstaklingur sem fer ekki að fyrirætlum flugverndarstarfsmanna (ógnar þó ekki öryggi flugverndar)</li> <li>- Önnur óskilgreind hegðun eða brot sem talist getur minniháttar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Forgangsröðun umferðar milli faratækja ekki virt</li> <li>- Röng staðsetning á tækjum og búnaði</li> <li>- Stærðartakmörk fyrir tæki ekki virt (t.d. hæð, þyngd, stöflun og fjöldi farþega)</li> <li>- Of margar farangurs- eða vöruvagnar í eftirdragi (max 8 tómar og 6 fullar)</li> <li>- Ekið of nálæt loftfari Jet-blast</li> <li>- Ekki ekið eftir umferðarmerkjum</li> <li>- Ekki ekið eftir merktum ökuleiðum, þegar ekki er verið við sérstök störf t.d. þjónustu við loftför og eftirlit.</li> <li>- Stöðvunarskylda ekki virt</li> <li>- Ónægðin akstur gagnvart öðru fólki á flugvellingum.</li> </ul>
<b>Flugvernd – Aðgangsreglur – Meiriháttar</b> (Brot sem <u>eru líkleg</u> til að hafa bein eða alvarleg áhrif á öryggi og virkni flugverndar)	<b>Öryggi – Öryggisreglur – Meiriháttar</b> (Brot sem <u>eru líkleg</u> til að hafa bein eða alvarleg áhrif á öryggi)
<ul style="list-style-type: none"> <li>- Aðgangsheimild notuð í öðrum erindagjörðum en vinnu sinnar vegna.</li> <li>- Einstaklingur sem ekki er með fylgdarleyfi hefur með sér gesti.</li> <li>- Gestir nota útrunna bráðabirgðaheimild.</li> <li>- Bannaðir hlutir fluttir inn á haftasvæði</li> <li>- Aðili með gilda aðgangsheimild aðstoðar óviðkomandi aðila að komast inn á haftasvæði</li> <li>- Skemmdir á flugverndarbúnaði</li> <li>- Skemmdir á flugverndargirðingu</li> <li>- Einstaklingur sem fer óskimaður inn á haftasvæði án þess að hafa heimild til</li> <li>- Einstaklingur sem fer ekki að fyrirætlum flugverndarstarfsmanna (ógnað getur öryggi flugverndar)</li> <li>- Árás eða hótun gagnvart flugverndarstarfsmanni</li> <li>- Önnur óskilgreind hegðun eða brot sem talist getur meiriháttar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Akstur yfir flugbraut á heimildar frá turni.</li> <li>- Akstur tækja fyrir ýtingu loftfars.</li> <li>- Hraðakstur.</li> <li>- Glæfraakstur.</li> <li>- Akstursheimildir á athafnasvæðum ekki aflað eða virtar.</li> <li>- .</li> <li>- Tæki sem ekki er að þjónusta á viðkomandi loftfarastæði, lagt á öryggissvæði stæðis eða ekki fjarlæggt eftir afgreiðslu loftfars.</li> <li>- Aðskotahlutir (FOD) skyldir eftir á Umferðasvæði (TWY, RWY).</li> <li>- Reykingar eða meðferð elds á flughlaði.</li> <li>- Reising á krönnum eða öðrum hindrunum án leyfis.</li> <li>- Forgangsröðun umferðar milli ökutækja og loftfara ekki virt.</li> <li>- Atvik eða tjón ekki tilkynnti.</li> <li>- Skemmdir á loftförum, leiðsögubúnaði og búnaði á hlaði, vegna alvarlegs gáleysi eða ásetningi.</li> <li>- Ökutæki ekki með akstursheimild á þeim svæðum sem ekið er.</li> <li>- Önnur óskilgreind óörugg hegðun sem gæti valdið alvarlegri hættu fyrir starfsmenn eða loftför.</li> </ul>